Slysavarnadeildin í Reykjavík

Ársskýrsla 2015

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Febrúar

Aðalfundur 12. febrúar

Flottur aðalfundur,
Þorramatur að venju
og annar matur
fyrir gikkina ;)

Hefðbundin aðalfundastörf
og ný stjórn kjörinn.

Febrúar

Stjórn 2015

Eftirtaldar voru kjörnar í stjórn:

Formaður:	Margrét Þóra Baldursdóttir
Varaformaður:	Svanfríður Anna Lárusdóttir
Gjaldkeri:	Caroline Lefort
Ritari:	Heiðrún Sara Pálsdóttir
Meðstjórnandi:	Ingibjörg Steinunn Sigurðardóttir



Mars

Félagsfundur 12. mars

Eins og oft áður var haldin bingófundur í mars.
Fengum einnig góða gesti frá stjórn SL
M.a. framkvæmdastjóra SL Jón Svanberg, og stjórnarmennina Gísla V. Sigurðsson og Guðjón Guðmundsson

15 félagar tóku þátt í bingó

Mars

Slysavarnadeild Kópavogs

Í kjölfar marsfundar tóku þrír félagar
og fyrrverandi stjórnarmenn deildarinnar
Þeirri áskorun að stofna nýja deild
í Kópavogi.

Slysavarnadeild Kópavogs var stofnuð
Í mars, formaður SVDR og
meðstjórnandi mættu
á stofnfundinn.

Við óskum þeim
velfarnaðar í framtíðinni og þökkum
þeim þeirra störf.

Mars

Eldað í útkalli og hlaðborð fyrir Landsbjörg

Í mars óskaði Landsbjörg eftir hlaðborði að hætti SVDR
fyrir 40 gesti frá sænsku landhelgisgæslunni (5 félagar tóku þátt í verkefninu)

Fjórir félagar tóku á móti björgunarsveitafólkinu í Ársæli 14. mars með heitri aspassúpu og brauði þegar það kom í Gróubúð eftir óveður dagsins.

Mars

Glöggt er gests augað

Í mars og apríl fóru fjórir félagar okkar í heimsókn til eldri borgara.

Við fengum að venju mjög góðar móttökur og hittum hresst og skemmtilegt fólk sem er annt um slysavarnir á heimilum sínum.

Apríl

Afmælisfundur

17. apríl var afmælisfundur deildarinnar en hann var haldinn hjá Begga og Pacasi á Álftanesi.

Frábært, skemmtilegt og huggulegt kvöld undir fundarstjórn Begga og með hljómsveitina „Allt í einu“ sem hélt tónleika í stofunni handa okkur

Apríl

Flottar veitingar á afmælisfundi



Stemming á afmælisfundi

Maí

Netmiðlar teknir í endurskoðun

Í maí, júní og júlí voru netmálin tekin í gegn, ný síða fyrir hópin/grúppuna Facebókarsíðan tekin í gegn og…..



29. júlí fór nýja heimasíðan í loftið
www.slysavarnadeild.is

Á sama tíma leit nýtt logo dagsins ljós..

Maí

Undirbúningur fyrir sjómannadaginn

Að venju hófst undirbúningur fyrir Sjómannadaginn snemma í janúar Með fundum, facebook spjalli, Heimsóknum til birgja og öðru hefðbundnu „stússi“

Hér má sjá hörðustu félagana mætta á fyrsta fundinn

Maí

Landsþing á Ísafirði

8 félagar mættu á þingið en fáar myndir finnast því til sönnunar
Þær þræta þó ekki fyrir ferðina þessar

Díana

Sonja

Lydía



Elsa



Margrét

Svana

Ingibjörg

Hrönn

Júní

Hátíð hafsins - Sjómannadagurinn

- Kaffi og vöfflusala um borð í Slysavarnaskipinu Sæbjörgu
- Kaffi og vöfflusala í Sjóbúðinni
- kaffihlaðborði í Gróubúð
- Hoppukastali við Gróubúð í fyrsta skipti

Hátíð hafsins - Sjómannadagurinn

Maí/Júní

Júní

Savetravel dagurinn

Slysavarnadeildin í Reykjavík tók þátt í að kynna Savetravel.is 27. júní
en sama dag héldu hópar af stað í Hálendisvakt björgunarsveita.
Okkar fólk stóð við Olís í Norðlingaholti spjallaði við bílstjóra og aðra ferðamenn um slysavarnir og gáfu góð ferðaráð. Björgunarsveitarfólk var með í för og stór og vígaleg fjórhjól. Fimm félagar tóku þátt.

Ágúst

Menningarnótt

SVDR stóð vaktina frá hádegi til sex um morgunin með kjötsúpu
og aðrar veitingar fyrir löggæslu og björgunarsveitir á menningarnótt í bílakjallara alþingishússins.
Við fengum frábæra aðstoð frá félögum okkar frá Reykjanesi

15 félagar tóku þátt
4 frá SVD Dagbjörg Reykjanesbæ

Hálendisvakt með björgunarsveitum

Ágúst

Varaformaðurinn SVDR fór í eina viku í Hálendisvakt að fjallabaki ásamt björgunarsveitarkonum frá björgunarsveitinni Kili og björgunarsveit Hafnarfjarðar.

September

"Öryggi barna í bíl"

Þá var komið að verkefninu "Öryggi barna í bíl" sem fólst í því að fylgjast með umferð við leikskóla í Reykjavík og öryggisbeltanotkun. Sjö félagar tóku þátt.

September

Félagsfundur um borð í Sæbjörg

Á fundi Slysavarnadeildarinnar í Reykjavík, sem haldinn var um borð í Skólaskipinu Sæbjörgu þann 10. september afhenti Margrét Þóra Baldursdóttir, formaður deildarinnar, gjafir frá deildinni til björgunarsveita.
Björgunarsveitin Ársæll fékk gjafabréf að upphæð 1,5 milljón
og Björgunarsveitin Kjölur fékk 1 milljón.

September

Eldað fyrir björgunarskólann

Fjáröflunarverkefni



Í september sá deildin um veitingar á 50 manna námskeiði hjá Björgunarskólanum.
Sex félagar tóku þátt í verkefninu.

október

Félagsfundur á kaffihúsinu Meski

Félagsfundur haldinn 8. október 2015 kl. 20 á Café Meski.
Það var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að….

October

…kaupa sjúkrabíl af Kjalarfólki

Eftir umræður og atkvæðagreiðslu á tveim félagsfundum þar sem mikill meirihluti samþykkti.

Billinn heldur útliti sínu og verður notaður sem forvarnabíll til að vekja athygli á öruggum akstri.

Merkingar taka mið af verkefnum hverju sinni

Billinn verður útbúin sem ferðaeldhús og nýtist því einnig í lengri útköll björgunarsveita þegar þörf er á mat fyrir leitarfólk.

október

Akranesdeildin í heimsókn

16. október tókum við á móti félögum okkar frá Akranesi í óvænta heimsókn.

október

Útkall á höfuðborgarsvæðinu

eldað í Gróubúð og á Malarhöfða

October

Og nýjustu félagarnir létu ekki sitt eftir liggja

Eins og allt árið fóru allir afgangar til Samhjálpar

66 norður styrkti SVDR um 100.000 kr.
fyrir þetta verkefni

október

Slysavarnaráðstefna Háskólanum í Reykjavík 31. október

Flott ráðstefna um málefni slysavarnadeilda var haldin í Háskólanum í Reykjavík.
Tíu félagar sóttu ráðstefnuna
SVDR var einn af styrktaraðilum



Svana var meðal fyrirlesara og kynnti framtíðarverkefni slysavarnadeilda

Nóvember

Neyðarkallinn seldur í nóvember

Helgina 6. – 8. nóvember seldum við neyðarkallinn á
Þrem stöðum í borginni.

Auk þess að selja fyrir deildina voru nokkrir félagar
sem seldu fyrir Björgunarsveitina Kjöl

Alls tóku 17 félagar þátt í neyðarkallsölu.

nóvember

Fjarskiptanámskeið á félagsfundi

12. nóv. Hélt Danni í Ársæl fyrir okkur fjarskiptanámskeið með aðstoð Tedda og kenndu þeir okkur að fara með Tetra stöðvar.

nóvember

Fjölbrautarskólinn í Breiðholti

500 endurskinsmerki skiptu um eigendur 12. nóv



Í nóvember fengu 500 nemendur í FB flotta heimsókn frá Slysavarnadeildinni
Með okkur fóru frá björgunarsveitinni Kili Anna Filbert og Bjarki Þór með björgunarsveitarbíl og fjórhjól.
10 bekkur úr Seljaskóla voru í heimsókn.
Þannig að tveir skólar fengu endurskinsmerki frá Slysavarnadeildinni í Reykjavík.

nóvember

Langholtsskóli heimsóttur með endurskinsmerki

Í nóvember fengu 5. bekkingar frá Langholtsskóla afhent endurskinsmerki og bókamerki "Vertu upplýstur".
Frá Kili komu Anna Filbert og Bjarki Þór ásamt björgunarsveitarbíl og fjórhjóli og það valdi mikla lukka hjá krökkunum.

nóvember

Frá heimsókn í Langholtsskóla

nóvember

30 ára afmæli Slysavarnaskóli sjómanna

Föstudaginn 27. nóv var haldið upp á 30 ára afmæli Slysavarnaskóla sjómanna og þá var veisla um borð borð í Sæbjörg. Slysavarnadeildin sá um veitingarnar.

Á annað hundrað manns sóttu samsætið. 10 félagar sáu um veisluna.

nóvember

30 ára afmæli Slysavarnaskóla sjómanna

desember

Jólafundur 4. desember

Jólafundurinn var í þetta sinn sameiginlegur með Slysavarnadeildinni Vörðunni í félagsheimili Seltjarnarness. Vel var mætt á fundinn. Rithöfundurinn Auður Jóns las upp úr nýrri bók og Tónistarfólk frá tónlistarskóla Seltjarnarness tróð upp.

desember

Eldað í flugeldasölu

samstarfsverkefni með Vörðunni

Eldaðar voru 8 máltíðir á 5 dögum

Fjórar sveitir þáðu mat úr Gróubúð

Að meðaltali 150 skammtar voru sendir út í hverri máltíð

desember

Eldað í flugeldasölu

samstarfsverkefni með Vörðunni

- 22 manns unnu í eldhúsinu í Gróubúð
- 8 máltíðir voru eldaðar á 5 dögum
- 85 – 190 skammtar hver máltíð

- 3 félagar frá SVD Varðan
- 15 félagar frá SVDR

Eldað í flugeldasölu

samstarfsverkefni með Vörðunni

desember

Eldað í flugeldasölu

Ísland í dag kom í heimsókn

Eftirtaldir styrktu „Eldað í flugeldasölu“

Myllan ehf
Björnsbakarí
Mjólkursamsalan
Grímur kokkur ehf
Búr ehf.
Pasta & Kjötbúðin Borg ehf.
Innnes ehf.
Kaffitár
Kjarnafæði ehf.
Matfugl
Ölgerðin
Klúbbur matreiðslumeistara

Allir styrktaraðilar fá þakkarskjal og þeir sem mest gerðu fá stóran Neyðarkall frá deildinni.

Janúar

Nýjir félagar 2015

Við bjóðum þessar hörkukonur velkomnar til liðs við Slysavarnadeildina í Reykjavík

Og einnig þá einstaklinga sem eru að kynna sér starfið okkar um þessar mundir.

Hulda

Kristjana og Edda

Slysavarnadeildin í Reykjavík

Stjórn
þakkar öllum félögum
samstarfið og þeirra framlag
á árinu 2015